

STÆR2TL05

Búið til: Thu, 08 Nov 2012 16:31:35 GMT

Titill

Tölfræði og líkindareikningur

Skammstöfun

STÆR2TL05

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

stærðfræði

Viðfangsefni

líkindareikningur, tölfræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Tölfræði: Fylgnihugtakið, ályktunartölfræði, grunnatriði úrtaksfræði. Megin markgildissetning tölfræðinnar. Tilgátur og prófanir. Framsetning gagna með tölflureiknum. Líkindareikningur: Helstu líkindadreifingar og útreikningar tengdir þeim.

Forkröfur

Grunnskólapróf eða áfangi á 1. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengustu líkindadreifingum
- fylgnihugtakinu
- ályktunartölfræði
- öryggisbili
- framsetningu tilgáta og prófana á þeim
- öflun tölfræðilegra upplýsinga
- notkun framangreindrar stærðfræði við að svara hagnýtum spurningum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta einfalda líkindadreifingu við útreikning líkinda
- reikna fylgni á milli tveggja breytna
- túlka fylgnistuðla
- nota hugtökin öryggisbil, öryggismörk og öryggisstig
- setja fram tilgátur og prófa þær
- framkvæma Z-próf og t-próf
- nýta tölfræðileg forrit við vinnslu og framsetningu tölfræðilegra gagna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna ...sem er metið með... umræðum
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau ...sem er metið með... umræðum
- geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- beita skipulegum aðferðum við að leysa úr viðfangsefnum og þrautum, s. s. út frá þekkingu á lausnum svipaðra þrauta, unnið til baka frá þekktum stærðum eða með því að setja upp jöfnur ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga ...sem er metið með... umræðum og sjálfsmati

Námsmat

Nemendur vinna verkefni frá kennara saman í hóp eða einir eins og hverjum hentar. Í lok hverrar lotu taka nemendur lotupróf sem mynda lokaeinkunn.

Skólar

Fyrirmynd